



foto: G. Steffússon

Sumarferðin til Eyja

Sumarferðin í ár verður farin til Vestmannaeyja 4. til 7. júní og ekki seinna vænna að félagar skrái sig í ferðina. Hægt er að skrá sig í móttökunni. Verð fyrir fyrir manninn er kr. 5.200. Innifalið er ferð með Herjólfri og gisting í þrjár nætur. ATH! Hvorki matur né útsýnisferð er inni í þessu verði. Æskilegt er að félagar greiði staðfestingargjald fyrir 5. maí næstkomandi.

Tilkynning frá eldhúsdeildinni

Að gefnu tilefni vill eldhúsdeildin minna á og ítreka að félagar sem ætla að borða hádegismat skrái sig fyrir klukkan 10.00. Þetta er nauðsynlegt svo hægt sé að ákvarða nákvæmar hversu mikið á að elda hverju sinni Þeir sem tileinka sér þessa skráningarnýjung njóta forgangs umfram þá sem ekki sinna skráningu.

Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. 09.00 - 16.00, nema föstudaga er lokað kl. 15.00. Fyrsta fimmtudag hvers mánaðar er opið til kl. 21.00

Fram undan í maí

Laugardagurinn 1. maí.
Aðstandendadagur frá 13.00-17.00



Fimmtudagurinn 6. maí. Opið hús. Þá verður húsið opið frá 08.30 - 21.00



Laugardagurinn 8. maí. Ganga.
Mæting við klúbbinn klukkan 13.00



Þriðjudagurinn 18. maí. Að þessu sinni ætlum við að skella okkur í bíó saman.

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum félaga til mæta á þessa fundi.

Húsfundir!
Húsfundir eru haldnir tvisvar í viku, mánudaga kl. 09:30 og miðvikudaga kl. 13:00. Ef félagar vilja hafa áhrif og koma sjónarmiðum sínum á framfæri eru húsfundir rétti vettvangurinn til að taka þátt í mótun starfsins.
Allir að mæta!!!

05. tölublað, maí 2004

Litli Hver



Það er létt andrúmsloft í Geysi á morgnana ekki síður en á öðrum tímum dagsins. Þessi mynd er tekin eftir vel heppnaðan lestur stjórnsúspárinnar.

Gleðilegt sumar

Nú er sumarið komið og ekki hægt að segja annað en það hafi heilsað í góðum takti með fyrirheit um að gyðjur sumarsins myndu ekki láta sitt eftir liggja til þess að allir gætu notið veðursældar í anda suðrænna ódáiñseyja. Það er margt spennandi og áhugavert í gangi í

Klúbbnum Geysi í sumar. Má þar nefna sumarferðina til Eyja, utanlandsferðir félaga, stjórnarmanna og starfsmanna til að efla klúbbstarfið og auka víðsýni. Um leið og við hvetjum félaga til virkrar þátttöku í starfi í klúbbsins, óskum við þeim gleðilegs sumars.



Skipholti 29, 105 Reykjavík Sími: 551-5166
Netfang: geysir@heimsnet.is
Veffang: www.kgeysir.is

Fyrirhuguð ferð stjórnarmanna og félaga til Malmö og Køben

Dagan 19. til 22. maí verður farið í náms og vinnuferð til klúbbhúsa í Danmörku og Svíþjóð. Áætlað er að þrír stjórnarmenn, Arna Scram, Jóhanna María og Jón Snorrason ásamt Önnu Valdemars og einum félagafari í þessa ferð.

Tilgangurinn með ferðinni er fyrst og fremst að fá innsýn inn í rekstur þessara húsa sem við gætum síðan nýtt okkur til stefnumótunar.

Við val á félagafararinnar mun verða skipuð nefnd sem í verða Jóhanna María stjórnarformaður, einn starfsmaður og tveir félagar. Á töflunni í móttökunni hefur verið sett upp auglýsing þar sem áhugasamir félagar geta skráð sig sem væntanlega kandidata. Þetta er einstakt tækifæri sem meðal annars er tilkomið vegna farmiðanna sem Iceland Express gaf klúbbnum.

Garðvinna í Dvöl fyrir Geysisfélaga

Athvarfið Dvöl í Kópavogi hefur boðið félögum í Klúbbnum Geysi að taka að sér umhirðu garðsins í kringum húsnæði þeirra. Gert er ráð fyrir að þessi gróðursæla verði fjórum sinnum í sumar og rétt að hvetja alla félagafara með græna

Páskar

Félagar áttu góða páska. Það var nýlunda í klúbbnum að búin voru til páskaegg og framreidd var páskamáltíð á laugardeginum fyrir páska, þar sem félögum og aðstandendum var boðið. Máltíðin var vel heppnuð og um 70 einstaklingar komu og nutu góðra veitinga.

Fiskbúð Hafliða, Norðlenska matborðinu og Þykkvabæjarkartöflum er þakkaður góður viðurgjörningur og ekki síður Jóni hennar Svönu sem sá um að steikin fengi þá bestu meðferð áður en gestir gæddu sér á henni.

Aðstandendadagur

Aðstandendadagur verður laugardaginn 1. maí frá kl.13.00 - 17.00. Boðið verður upp á kaffi og kökur og starfsemin kynnt. Fastar kynningar um hugmyndafræði og markmið klúbbsins verða klukkan 14.00 og 16.00.

Klúbburinn vonar að félagar láti aðstandendur og vini vita, svo að efla megi jákvæðan skilning og styrkja tengsl félaga og aðstandenda þeirra.

finger og áhuga á slíkum störfum að skrá sig í móttökunni. Greitt verður fyrir verkið og munu tekjurnar renna til Klúbbsins Geysis og ráðstafað í þágu hans. Hér skapast gott tækifæri fyrir félagafara að njóta samvista við frjóa mold.

Aðgengismál

Sótt var um fjármagn í Framkvæmdasjóð fatlaðra til framkvæmda vegna aðgengismála í klúbbhúsinu okkar eftir úttekt ÖBÍ. Þær gleðilegu fréttir bárust okkur í vikunni að samþykkt hefði verið að veita klúbbnum fjármagn úr sjóðnum svo hefja mætti byrjunarframkvæmdir í sumar.

Erindi okkar verður svo tekið upp á fundi í haust við endurúthlutun úr sjóðnum. Samkvæmt bréfi sem við fengum frá sjóðnum voru stjórnarmenn hans mjög jákvæðir í garð klúbbsins. Félagar, stjórn og starfsfólk Geysis þakkar þessar jákvæðu undirtektir. Fjárveitingin mun gera klúbbnum kleift að sinna félögum betur og efla starf hans til muna.

Kaffihúsaferð.

Farin var kaffihúsaferð á Kaffi París og mættu 8 félagar. Fólk fékk sér rauðvín, bjór og kakó aðeins einn fékk sér kaffi. Ferðin var góð og veitti innblástur. Þeirri hugmynd var varpað fram um að kíkja á Café Puccini í sumar og fékk jákvæðar undirtektir.



Terían

Heilsufæði er terústjóranum hjartans mál og þess vegna hefur verið ákveðið að bjóða upp á heilsunýjungar í teríunni. Meðal þess góðgættis sem teriugestum stendur til boða er „aloe vera“ jógúrt, sem sannanlega stuðlar að betri líðan innan sem utan. Nú er einnig hægt að fá grillaðar heilsusamlokur að hætti hússins. Á myndinni hér að ofan má sjá viðskiptavin fá rétt til baka í Teríunni en í forgrunn er grillið góða.



Kynningar fyrir nýja félagafara eru á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10.00 til 12.00